# KJARASAMNINGUR

## SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

### OG

## FÉLAGS ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA

**GILDISTÍMI:**
**1. JANÚAR 2020 til 31. DESEMBER 2020**

# EFNISYFIRLIT

1. KAFLI: KAUP ... 3

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN ... 3
1.4 KENNSLA OG RÖÐUN SKÓLASTJÓRNENDA ... 3
1.5 RÖÐUN MILLISTJÓRNENDA ... 4
1.9 TÓNLEIKAFERÐALÖG ... 4
1.10 ANNARUPPBÓT ... 4
2.1.6 VINNUTÍMI KENNARA Í TÓNLISTARSKÓLUM ... 4

4. KAFLI: ORLOF ... 5

4.1 LENGD ORLOFS ... 5
4.2 ORLOFSLAUN ... 5
4.3 ORLOFSÁRIÐ ... 5
4.4 SUMARORLOFSTÍMI ... 6
4.5 ÁKVÖRÐUN ORLOFS ... 6
4.6 VEIKINDI Í ORLOFI ... 6

5. KAFLI: FERÐIR OG GISTING ... 7

5.6 ÓFÆRÐ ... 7

10. KAFLI: LÍFEYRISSJÓÐUR ... 7

10.1 AÐILD AÐ LÍFEYRISSJÓÐI ... 7

11. KAFLI: RÉTTINDI Í FÆÐINGARORLOFI OG VEIKINDUM ... 8

11.1.3 MÆÐRASKOÐUN ... 8

14. KAFLI: GILDISTÍMI, GILDISSVIÐ OG SAMNINGSFORSENDUR ... 8

14.1 ATKVÆÐAGREIÐSLA ... 8

BÓKANIR ... 9

BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2020 ... 9

FYLGISKJÖL ... 10

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR TÓNLISTARSKÓLAKENNARA ... 10
FYLGISKJAL 2: LAUNATÖFLUR SKÓLASTJÓRNENDA ... 12

# INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

# 1. KAFLI: KAUP

## 1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

1.1.1 Mánaðarlaun

Föst mánaðarlaun tónlistarskólakennara, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum A-1 og A-2 í fylgiskjali 1.

Launatafla A-1, gildistími: 1. janúar 2020 til 31. mars 2020.

Launatafla A-2, gildistími: 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

## 1.4 KENNSLA OG RÖÐUN SKÓLASTJÓRNENDA

### 1.4.3 Launatöflur og röðun skólastjóra

Föst mánaðarlaun skólastjóra sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum skólastjórnenda B-1 og B-2 í fylgiskjali 1.

Launatafla B-1, gildistími: 1. janúar 2020 til 31. mars 2020.

Launatafla B-2, gildistími: 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

*Eftirfarandi röðun gildir frá 1. ágúst 2018.*

| Stig skóla | Launaflokkur |
|---|---|
| **0** | 410 |
| **24** | 411 |
| **40** | 412 |
| **60** | 413 |
| **80** | 414 |
| **100** | 415 |
| **125** | 416 |
| **150** | 417 |
| **175** | 418 |
| **200** | 419 |
| **225** | 420 |
| **250** | 421 |
| **300** | 422 |
| **350** | 423 |

| Stig skóla | Launaflokkur |
|---|---|
| **400** | 424 |
| **500** | 425 |
| **600** | 426 |
| **700** | 427 |
| **850** | 428 |
| **1000** | 429 |
| **1150** | 430 |
| | 431 |
| | 432 |
| | 433 |
| | 434 |
| | 435 |
| | 436 |
| | |

Lágmarksröðun skólastjóra er launaflokkur 414.

### 1.4.8 Skólahljómsveitir

Skólahljómsveitir, reknar sem sjálfstæðar einingar, skulu skilgreindar sem fullgildir tónlistarskólar í kjarasamningnum. Ekki verði gerður greinarmunur á

skólahljómsveitum og öðrum tónlistarskólum hvað varðar samninginn í heild sinni eða einstakar greinar hans.

## 1.5 RÖÐUN MILLISTJÓRNENDA

### 1.5.2 Laun millistjórnenda

Föst mánaðarlaun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem gegna fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum skólastjórnenda B-1 og B-2 í fylgiskjali 1.

Launatafla B-1, gildistími: 1. janúar 2020 til 31. mars 2020.

Launatafla B-2, gildistími: 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

## 1.9 TÓNLEIKAFERÐALÖG

**Grein 1.9 um tónleikaferðalög breytist og hljóði svo:**

1.9.1 Þegar tónlistarkennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver virkur ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu. Þá daga sem varið er til ferðalaga með nemendur er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni sbr. grein 2.1.10.

Vegna ferðalaga með nemendur til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00.00 til 07:00 eru greiddar 4 klst.í yfirvinnu. Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.

Um lágmarkshvíld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

## 1.10 ANNARUPPBÓT

Kennari/stjórnandi í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma á hvorri önn.

| | |
|---|---|
| Annaruppbót 1. júní 2020 | kr. 91.225,- |
| Annaruppbót 1. desember 2020 | kr. 91.225,- |

## 2.1.6 VINNUTÍMI KENNARA Í TÓNLISTARSKÓLUM

2.1.6.2 Skipting vinnutíma

Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi tónlistarskólans kallar á. Árlegur vinnutími tónlistarskólakennara í fullu starfi nemur 1.800 klst. að meðtöldum kaffitímum og vinnuhléum sem teljast 212 klst.

Árleg vinna á skóladögum (kennslutíma) nemenda skiptist þannig frá 1. mars 2016:

| | |
|---|---|
| **Grunnnám:** | |
| Kennsla | 720 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 88 klst. |
| Önnur fagleg störf | 566 klst. |
| **Miðnám:** | |
| Kennsla | 659 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 96 klst. |

| | |
|---|---|
| Önnur fagleg störf | 619 klst. |
| **Framhaldsnám:** | |
| Kennsla | 582 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 110 klst. |
| Önnur fagleg störf | 682 klst. |

Með öðrum faglegum störfum er átt við undirbúning og úrvinnslu kennslu, æfingar og annað það sem skólastjóri ákvarðar.

Auk þess er vinna kennara við undirbúning og frágang fyrir og eftir kennslutíma 8 dagar eða 64 klst.

Þeim tíma sem vantar upp á fulla vinnuskyldu skal varið til undirbúnings- og símenntunar að hámarki 102 klst., utan starfstíma skóla.

*Tími til tónleika og tónfunda miðast við að fjöldi tónleika (undirbúningur innifalinn) sé í grunnnámi 11, í miðnámi 12 og í framhaldsnámi 13.*

## 4. KAFLI: ORLOF

**Kafli 4 um orlof breytist og tekur gildi 1. maí 2020 og hljóði svo:**

*Kafli 4 um orlof breytist á samningstímanum. Eftirfarandi gildir frá 1. maí 2020.*

### 4.1 LENGD ORLOFS

**Grein 4.1 um lengd orlofs breytist og hljóði svo:**

4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

**Grein 4.1.2 fellur niður.**

**Grein 4.2 um orlofslaun breytist og hljóði svo:**

### 4.2 ORLOFSLAUN

4.2.1 Starfsmaður skal fá 13,04% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum.

4.2.2 Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu greiðist orlofsfé einnig á dagkaupið skv. 4.1.1 og 4.2.1.

4.2.3 Starfsmaður á föstum mánaðarlaunum fær greidd dagvinnulaun í orlofi miðað við meðaltal starfshlutfalls á orlofsárinu.

4.2.4 Á vaktaálag starfsmanna í fastri reglubundinni vaktavinnu reiknast ekki orlofsfé. Í þess stað skulu starfsmenn halda vaktaálagsgreiðslum í sumarorlofi. Greiðslu vaktaálags skal miða við meðaltal síðustu 12 mánaða fyrir upphaf nýs orlofsárs.

Vaktaálag er ekki greitt í helgidagafríi skv. gr. 2.6.7 þótt það sé tekið í beinu framhaldi af sumarorlofi. Heimilt er stofnunum og stéttarfélögum að semja um aðra tilhögun þessara greiðslna og greiðist þá ekki orlofsfé á vaktaálag, sbr. gr. 4.2.1.

### 4.3 ORLOFSÁRIÐ

**Grein 4.3.1 um orlofsárið breytist og hljóði svo:**

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

> *Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.*
>
> *Samtal skal fara fram eigi síðar en í janúar ár hvert milli starfsmanns og yfirmanns um hvernig töku orlofs skuli lokið innan orlofsársins.*
>
> *Hafi starfsmaður sem átti gjaldfallið orlof þann 1. maí 2020, allt að 60 dögum, ekki nýtt þá daga fyrir 30. apríl 2023, falla þeir dagar niður sem eftir standa.*

## 4.4 SUMARORLOFSTÍMI

4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

4.4.2 Starfsmaður á rétt á að fá allt orlof sitt á sumarorlofstímabilinu, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar.

4.4.3 Þeir starfsmenn sem samkvæmt ósk vinnuveitenda fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma.

## 4.5 ÁKVÖRÐUN ORLOFS

**Grein 4.5.1 um ákvörðun orlofs breytist og hljóði svo:**

4.5.1 Vinnuveitandi ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli veitt á sumarorlofstíma ef því verður við komið vegna þarfa stofnunarinnar. Vinnuveitandi skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofstímabils hvenær það skal hefjast nema sérstakar ástæður hamli.

Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof skal hann fá óyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vaktskrá haldist óbreytt.

> *Í 4. gr. orlofslaga nr. 30/1987 segir: „Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaga að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef veigamiklar rekstrarástæður gera það brýnt."*

## 4.6 VEIKINDI Í ORLOFI

**Grein 4.6.1 um veikindi í orlofi breytist og hljóði svo:**

4.6.1 Geti starfsmaður ekki tekið orlof vegna veikinda á þeim tíma sem vinnuveitandi ákveður skv. gr. 4.5.1. skal hann tilkynna vinnuveitanda um veikindin svo fljótt sem auðið er og sanna með læknisvottorði. Getur starfsmaður þá farið fram á töku orlofs á öðrum tíma og skal orlofið ákveðið í samráði vinnuveitanda og starfsmanns skv. gr. 4.5.1., en þó eins fljótt og unnt er, eftir að veikindum lýkur.

**Grein 4.6.1 og verður grein 4.6.2.**

4.6.2 Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda tilkynni hann veikindin svo fljótt sem auðið er og sanni með læknisvottorði, að hann geti ekki notið orlofs.

ÓÓ G.H.

# 5. KAFLI: FERÐIR OG GISTING

## 5.6 ÓFÆRÐ

**Ný grein 5.6.1 um ófærð hljóði svo:**

5.6.1 Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu, skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum. Skal þá starfsmaður, ef því verður viðkomið, inna af hendi starfsskyldur sínar með fjarvinnu.

# 10. KAFLI: LÍFEYRISSJÓÐUR

## 10.1 AÐILD AÐ LÍFEYRISSJÓÐI

**Grein 10.1 um lífeyrissjóð breytist og hljóði svo:**

10.1.1 Starfsmenn sem heyra undir samning þennan skulu eiga aðild að Brú lífeyrissjóði sveitarfélaga eftir því sem lög og samþykktir sjóðsins segja til um. Við upphaf ráðningar eiga starfsmenn val um það hvort iðgjald þeirra fari til A eða V-deildar sjóðsins.

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að A-deild Brúar lífeyrissjóðs skal vera 4% af heildarlaunum starfsmanns og mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

Eigi starfsmaður rétt til jafnrar réttindaávinnslu samkvæmt samþykktum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs og sé vinnuveitandi annar en sveitarfélag, stofnun sveitarfélags, fyrirtæki eða önnur rekstrareining sem að hálfu eða meirihluta er í eigu sveitarfélaga og rekin sem fjárhagslega sjálfstæð eining sbr. 60. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal vinnuveitandi til viðbótar greiða sérstakt iðgjald vegna lífeyrisauka. Um prósentu sérstaks iðgjalds hverju sinni fer samkvæmt samþykktum Brúar lífeyrissjóðs.

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að V-deild Brúar lífeyrissjóðs skal vera 4% af heildarlaunum starfsmanns og mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að B-deild Brúar lífeyrissjóðs og mótframlag fer samkvæmt samþykktum Brúar lífeyrissjóðs eftir því sem við á.

> ***Skýring:*** *Aðild tónlistarskólakennara að Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga var samþykkt á stjórnarfundi sjóðsins þann 22. október 2006.*

10.1.2 Aðild að öðrum lífeyrissjóðum Þrátt fyrir ákvæði 10.1.1 skulu þeir tónlistarskólakennarar sem nú eiga aðild að öðrum lífeyrissjóði eiga rétt á að halda þeirri aðild á meðan þeir gegna sama starfi hjá sama sveitarfélagi (sólarlagsákvæði).

Launagreiðandi skal greiða 11,5% af heildarlaunum starfsmanns í mótframlag til almennra lífeyrissjóða og starfsmaður greiðir 4% iðgjald af heildarlaunum.

> ***Skýring:*** *Með almennum lífeyrissjóði er átt við lífeyrissjóði sem um hefur verið samið á almennum vinnumarkaði.*

# 11. KAFLI: RÉTTINDI Í FÆÐINGARORLOFI OG VEIKINDUM

## 11.1.3 MÆÐRASKOÐUN

**Ný grein 11.1.3 um mæðraskoðun hljóði svo:**

11.1.3 Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

# 14. KAFLI: GILDISTÍMI, GILDISSVIÐ OG SAMNINGSFORSENDUR

## 14.1 GILDISTÍMI OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

14.1.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 6. ágúst 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 6. ágúst 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 10. júlí 2020.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar



F.h. Félag íslenskra hljómlistarmanna,
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.



# BÓKANIR

## BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2020

### BÓKUN 1 [2020]

Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag Íslenskra hljómlistarmanna sammælast um að hefja viðræður til undirbúnings næsta kjarasamningi með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 1. janúar 2021. Eftirfarandi greinar í kjarasamningi verða m.a. teknar til umræðu:

- 1.3.1 Röðun í launflokka
- 1.3.2 Mat á menntun félagsmanna
- 1.3.3 Grein um viðbótarlaun
- 1.3.4 Viðbótarlaunaflokkar vegna lífaldurstengdrar símenntunar
- 1.3.7. Viðbótarflokkar vegna kennsluferils
- 1.4.7 Viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu skólastjórnenda
- 2.1.9 Hljómsveitar- og hópkennsla
- 3 Kafli Matar og kaffitímar
- 5.3.2. Akstur til og frá vinnu

Að auki verður rætt um styttingu vinnutíma og starfshlutfall meðleikara.

# FYLGISKJÖL

## FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR TÓNLISTARSKÓLAKENNARA

Mánaðarlaun tónlistarskólakennara og verkefnastjóra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla A-1 , gildistími: 1. janúar 2020 til 31. mars 2020.

Launatafla A-2 , gildistími: 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.

## LAUNATAFLA A-1

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA

Tónlistarskólakennarar

Frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2020

| Starfsheiti | Launaflokkur | Laun |
|---|---|---|
| | 101 | 315.863 |
| | 102 | 319.817 |
| | 103 | 323.826 |
| | 104 | 327.894 |
| | 105 | 332.024 |
| | 106 | 336.220 |
| | 107 | 340.475 |
| | 108 | 344.793 |
| | 109 | 349.175 |
| | 110 | 353.629 |
| | 111 | 358.144 |
| | 112 | 362.727 |
| | 113 | 367.382 |
| | 114 | 372.103 |
| Tónlistarskólakennari 1 | 115 | 376.897 |
| | 116 | 381.764 |
| | 117 | 386.701 |
| | 118 | 391.713 |
| | 119 | 396.805 |
| | 120 | 401.967 |
| Tónlistarskólakennari 2 | 121 | 407.210 |
| | 122 | 412.532 |
| | 123 | 417.932 |
| | 124 | 423.410 |
| | 125 | 428.974 |
| | 126 | 434.622 |
| Tónlistarskólakennari 3 | 127 | 440.353 |
| | 128 | 446.175 |
| | 129 | 452.080 |
| | 130 | 458.068 |
| | 131 | 464.156 |
| | 132 | 470.330 |
| | 133 | 476.595 |
| | 134 | 482.958 |
| | 135 | 489.414 |
| | 136 | 495.967 |
| | 137 | 502.620 |
| | 138 | 509.374 |
| | 139 | 516.223 |
| | 140 | 523.183 |
| | 141 | 530.241 |
| | 142 | 537.406 |
| | 143 | 544.679 |
| | 144 | 552.060 |
| | 145 | 559.555 |
| | 146 | 567.160 |
| | 147 | 574.881 |
| | 148 | 582.717 |
| | 149 | 590.669 |
| | 150 | 598.742 |
| | 151 | 606.934 |
| | 152 | 615.254 |
| | 153 | 623.691 |
| | 154 | 632.257 |
| | 155 | 640.954 |
| | 156 | 649.782 |

## LAUNATAFLA A-2

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA

Tónlistarskólakennarar

Frá 1. apríl 2020 til 31. desember 2020

| Starfsheiti | Launaflokkur | Laun |
|---|---|---|
| | 101 | 339.863 |
| | 102 | 343.817 |
| | 103 | 347.826 |
| | 104 | 351.894 |
| | 105 | 356.024 |
| | 106 | 360.220 |
| | 107 | 364.475 |
| | 108 | 368.793 |
| | 109 | 373.175 |
| | 110 | 377.629 |
| | 111 | 382.144 |
| | 112 | 386.727 |
| | 113 | 391.382 |
| | 114 | 396.103 |
| Tónlistarskólakennari 1 | 115 | 400.897 |
| | 116 | 405.764 |
| | 117 | 410.701 |
| | 118 | 415.713 |
| | 119 | 420.805 |
| | 120 | 425.967 |
| Tónlistarskólakennari 2 | 121 | 431.210 |
| | 122 | 436.532 |
| | 123 | 441.932 |
| | 124 | 447.410 |
| | 125 | 452.974 |
| | 126 | 458.622 |
| Tónlistarskólakennari 3 | 127 | 464.353 |
| | 128 | 470.175 |
| | 129 | 476.080 |
| | 130 | 482.068 |
| | 131 | 488.156 |
| | 132 | 494.330 |
| | 133 | 500.595 |
| | 134 | 506.958 |
| | 135 | 513.414 |
| | 136 | 519.967 |
| | 137 | 526.620 |
| | 138 | 533.374 |
| | 139 | 540.223 |
| | 140 | 547.183 |
| | 141 | 554.241 |
| | 142 | 561.406 |
| | 143 | 568.679 |
| | 144 | 576.060 |
| | 145 | 583.555 |
| | 146 | 591.160 |
| | 147 | 598.881 |
| | 148 | 606.717 |
| | 149 | 614.669 |
| | 150 | 622.742 |
| | 151 | 630.934 |
| | 152 | 639.254 |
| | 153 | 647.691 |
| | 154 | 656.257 |
| | 155 | 664.954 |
| | 156 | 673.782 |

## FYLGISKJAL 2: LAUNATÖFLUR SKÓLASTJÓRNENDA

Mánaðarlaun skólastjórnenda sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla B-1 , gildistími: 1. janúar 2020 til 31. mars 2020.

Launatafla B-2 , gildistími: 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.

| LAUNATAFLA B-1 | | |
|---|---|---|
| FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA | | |
| Skólastjórnendur | | |
| Frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2020 | | |
| Stig skólastjóra | Launaflokkur | Krónur |
| 0 | 410 | 515.482 |
| 24 | 411 | 529.552 |
| 40 | 412 | 544.047 |
| 60 | 413 | 558.978 |
| 80 | 414 | 574.355 |
| 100 | 415 | 590.196 |
| 125 | 416 | 606.509 |
| 150 | 417 | 623.311 |
| 175 | 418 | 640.620 |
| 200 | 419 | 658.446 |
| 225 | 420 | 676.808 |
| 250 | 421 | 695.721 |
| 300 | 422 | 715.202 |
| 350 | 423 | 735.264 |
| 400 | 424 | 755.932 |
| 500 | 425 | 777.218 |
| 600 | 426 | 799.144 |
| 700 | 427 | 821.723 |
| 850 | 428 | 844.984 |
| 1000 | 429 | 868.944 |
| 1150 | 430 | 893.620 |
| | 431 | 919.037 |
| | 432 | 945.217 |
| | 433 | 972.184 |
| | 434 | 999.958 |
| | 435 | 1.028.565 |
| | 436 | 1.058.032 |

| LAUNATAFLA B-2 | | |
|---|---|---|
| FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA | | |
| Skólastjórnendur | | |
| Frá 1. apríl 2020 til 31. desember 2020 | | |
| Stig skólastjóra | Launaflokkur | Krónur |
| 0 | 410 | 539.482 |
| 24 | 411 | 553.552 |
| 40 | 412 | 568.047 |
| 60 | 413 | 582.978 |
| 80 | 414 | 598.355 |
| 100 | 415 | 614.196 |
| 125 | 416 | 630.509 |
| 150 | 417 | 647.311 |
| 175 | 418 | 664.620 |
| 200 | 419 | 682.446 |
| 225 | 420 | 700.808 |
| 250 | 421 | 719.721 |
| 300 | 422 | 739.202 |
| 350 | 423 | 759.264 |
| 400 | 424 | 779.932 |
| 500 | 425 | 801.218 |
| 600 | 426 | 823.144 |
| 700 | 427 | 845.723 |
| 850 | 428 | 868.984 |
| 1000 | 429 | 892.944 |
| 1150 | 430 | 917.620 |
| | 431 | 943.037 |
| | 432 | 969.217 |
| | 433 | 996.184 |
| | 434 | 1.023.958 |
| | 435 | 1.052.565 |
| | 436 | 1.082.032 |